

Nd.

47. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Þorbergur Þorleifsson og Gísli Sveinsson.

1. Framan við frvgr. komi:

Í stað orðanna „yfir Eldhraun“ (á eftir „Skafártungu“) í 2. gr. A. 1. komi: um Ásabrá, Hestalandshóla að Leiðvelli í Meðallandi, og yfir Eldhraun frá Stóra-Hvammi.

2. Fyrir orðin í 2. gr. A. 1. „um Hóla í Nesjum“ komi: yfir Hornafjarðarfljót innra (um Hoffell að Bjarnanesi) og yfir Hornafjarðarfljót ytra um Hóla í Nesjum.

3. Fyrir orðin í 2. gr. A. 1. „Lón að Lónsheiði“ komi: Lón um Hraunkotskletta að Lónsheiði.